



Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2025

LÍOL2IL05

Kennari	Kristjana Hildur Gunnarsdóttir kristjana.gunnarsdottir@fss.is	
Viðtalstími	Fimmtudagar kl. 10.15-10.55	
Námsefni	Essentials of Anatomy and Physiology eða Introduction to the Human Body eftir Tortora og Derrickson - Bóksöla stúdenta Litabók – Bóksala FS (bókasafn) Fyrirlestrar á Innu Trélitir (minnst 12 stk.)	
Áfangalýsing	Markmið áfangans er að nemendur öðlist þá grundvallarþekkingu og skilning á byggingu og starfsemi mannlíkamans, sem er nauðsynleg fyrir frekara nám og störf á heilbrigðissviði. Farið er í byggingu og starfsemi hringrásarkerfis: blóð, hjarta, blóðæðar, blóðþrýstingur og stjórnun hans; vessakerfis: vessalíffæri, varnir, ónæmi; öndunarkerfis: öndunarvegur, lungu, öndunarhreyfingar, loftskipti, stjórnun öndunar; meltingarkerfis: aðal-og aukalíffæri meltingar, melting og stjórnun hennar; þvagkerfis: nýru, þvagblaðra, þvagpípur, þvagrás, þvagmyndun; æxlunarkerfis: innri og ytri kynfæri, myndun kynfrumna, kynhormón, tíðahringur. Auk þess er farið í grundvallaratriði fósturproska. Fjallað er um hvernig starfsemi allra líffærakerfanna tengist innbyrðis og hvernig hún viðheldur innri stöðugleika líkamans. Öll líffærafræðileg umfjöllun gengur út frá latneskri nafngiftafræði.	
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Áfanginn er símatsáfangi. Til að ná áfanganum verður að ná að minnsta kosti 4,5 í lokaeinkunn og í hverjum námsmatsþætti fyrir sig, en einnig þarf að ná að lágmarki 4,5 í einkunn í hverju könnunarprófi.	
	Símatsáfangi <input checked="" type="checkbox"/>	Lokapróf <input type="checkbox"/>
		Sleppikerfi <input type="checkbox"/>
	Heiti	Vægi
	Tímaverkefni	15%
	Innupróf	30%
	Könnunarpróf	55%

Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara. Samkvæmt aðalnámskrá ber nemendum að mæta í allar kennslustundir (sjá mætingarreglur FS).
----------------------	---

<p>Annað sem kennari vill láta koma fram</p>	<p>Ef nemandi missir af könnunarprófi þá er hægt að taka það upp í stoðtíma sem boðið verður upp á. Öllum verkefnum og prófum fyrri hluta annar þarf að vera búið að skila inn fyrir miðannarmat. Þessi áætlun er birt með fyrirvara um breytingar sem á henni geta orðið.</p>
---	--

<p>Þekking</p>	<p>Leikni</p>
<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • ytri og innri gerð líffæra þeirra líffærakerfa sem fjallað er um og latnesk heiti þar að lútandi • starfsemi þeirra líffærakerfa sem farið er yfir • hvernig starfsemi líffærakerfanna tengist innbyrðis og viðheldur innri stöðugleika líkamans 	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • nota latnesk heiti við að lýsa afstöðu líffæra og líffærahluta • tengja byggingu líffæra-og líffærahluta við starfsemi þeirra • tengja í heild starfsemi líffærakerfanna • rekja og útskýra flókin lífeðlisfræðileg ferli • dýpka þekkingu sína í faginu með fjölbreyttri heimildavinnu
	
<p>Hæfni</p> <p>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • nýta þekkingu sína og leikni í líffæra-og lífeðlisfræði í öðrum námsgreinum og starfi • greina á milli heilbrigðrar líkamsstarfsemi og frávika frá henni • taka þátt í faglegri umræðu er varðar líffæra-og lífeðlisfræði • meta trúverðugleika töfralausna um bættu heilsu • bera ábyrgð á eigin heilsu 	

<p>Vinnuáætlun</p>		
<p>Tímasókn</p>	<p>16 vikur x 4 klst.</p>	<p>64 klst.</p>
<p>Undirbúningur f. Innupróf</p>	<p>13 x 50 mín</p>	<p>11 klst.</p>
<p>Undirbúningur f. könnunarpróf</p>	<p>7 x 4 klst.</p>	<p>28 klst.</p>
<p>Verkefnavinna</p>	<p>10 x 30 mín</p>	<p>5 klst.</p>
<p>Alls</p>		<p>108 klst. = 5 feim*</p>

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 6.-10.janúar	Kynning 14.kafli – Hjarta- og æðakerfið - Blóð	
2. vika 13.-17.janúar	14.kafli – Hjarta- og æðakerfið - Blóð	14.jan. Spurningar úr 14.kafli 14.jan. Innupróf úr 14.kafli
3. vika 20.-24.janúar	15.kafli – Hjarta- og æðakerfið - Hjartað	21.jan. Hópverkefni – hjarta
4. vika 27.-31.janúar	15.kafli – Hjarta- og æðakerfið – Hjartað	28.jan. Spurningar úr 15.kafli
5. vika 3.-7.feb.	15.kafli – Hjarta- og æðakerfið – Hjartað 16.kafli – Hringrásarkerfið	4.feb. Innupróf úr 15.kafli 4.feb. Könnunarpróf 1 14.-15.K
6. vika 10.-14.feb. Uppbrotsdagur	16.kafli – Hringrásarkerfið 17.kafli – Vessa- og ónæmiskerfið	11.feb. Spurningar úr 16.kafli
7. vika 17.-21.feb.	17.kafli – Vessa- og ónæmiskerfið	18.feb. Innupróf úr 16.kafli 18.feb. Spurningar úr 17.kafli
8. vika 24.-28.feb. Vetrarfrí	18.kafli – Öndunarkerfið	25.feb. Innupróf úr 17.kafli 25.feb. Könnunarpróf 2 16.-17.k. 25.feb. Spurningar úr 18.kafli
9. vika 3.-7.mars Miðannarmat Námsmatsdagur	18.kafli – Öndunarkerfið	4.mars Innupróf úr 18.kafli 4. feb. Stoðtími
10. vika 10-14.mars	18.kafli - Öndunarkerfið 19. kafli – Meltingarkerfið	11.mars Könnunarpróf 3 18 k.
11. vika 17.-21.mars	19.kafli – Meltingarkerfið 20.kafli – Efnaskipti og næring	18.mars Spurningar úr 19.kafli 18.mars Innupróf úr 19.kafli 18.mars Innupróf úr 20.kafli
12. vika 24.-28.mars	21.kafli - Þvagkerfið	25.mars Könnunarpróf 4 19-20 25.mars Spurningar úr 21.kafli
13. vika 31.mars-4.apríl	21.kafli – Þvagkerfið 22.kafli – Vökva- og rafvakajafnvægi	1.apríl Innupróf úr 21.kafli
14. vika 7.-11.apríl Starfshlaup og PÁSKAFRÍ !	22.kafli – Vökva- og rafvakajafnvægi	8.apríl Innupróf úr 22.kafli 8.apríl Könnunarpróf 5 21.-22.k 8.apríl Stoðtími
15. vika 21.-25.apríl Sumardagurinn fyrsti	23.kafli – Æxlunarkerfið	22.apríl Spurningar úr 23.kafli 22.apríl Innupróf úr 23.kafli
16. vika 28.apríl – 2.maí Dimmisio	24.kafli - Þroski	29.apríl Spurningar úr 24.kafli 29.apríl Innupróf úr 24.kafli 29.apríl Könnunarpróf 6 23.-24.k
17. vika 5.-9.maí	Stoðtími – lokaskil	6.maí Stoðtími - lokaskil

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Kveðja frá Kiddý